

námshgrein heyrir nú eigi framfar til burtfararprófs, eptir 19. gr. reglugjörðarinnar, sbr. 72
13. gr., heldur er lokið við hana í 4. bekk, og prófið í henni eigi látið hafa nein áhrif á 20. maf.
aðaleinkunnina við burtfararprófið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sölu* 73
á fasteign ómyndugs pilts. — Í brjefi, frá 15. þ. m., skýrið þjer mjer frá, 21. maf.
herra amtmaður, að Jón nokkur Sigurðsson frá Ytra-Leiti á Skógarströnd, er fluttist til
Ameríku sumarið 1876, hafi farið þess á leit, að yfirfjárráðastjórnin leyfi, að selja megi
jarðarpart, er fóstursonur hans, 11 ára gamall piltur, er eigandi að, með því að unglíngur
þessi hafi lýst yfir því, að hann muni aldrei hugsa til að fara heim til Íslands aptur; og
látið þjer í ljósi, að takmarkanir þær, er 7. gr. tilsk. 18. febr. 1847 setur um sölu á
fasteignum ómyndugra, nái ekki til þeirra, sem eiga hjer fasteignir, en eiga heima utan
ríkis, en að þar á móti kunní að vera ástæða til að leita atkvæðis hlutaðeigandi yfirvalda
í Ameríku um sölu þessa.

Um þetta mál vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut-
aðeigöndum, að þótt unglíngur, er flytur sig af landi burt, komist við það undan yfirfjár-
ráðastjórn hjer á landi, að því er snertir lausafje hans, það er hann flytur með sjer, verða
fjármunir þeir, er hann skilur hjer eptir, fastir og lausir, að vera undir eptirliti yfirfjár-
ráðastjórnar hjer á landi eins eptir sem áður, og skiptir það engu í því efni, hvort hlut-
aðeigandi fer í annað ríki eða eigi. Yfirfjárráðastjórnin hjer á landi er einungis háð þeim
lögum, er hjer gilda, og lög þau, er kynnu að vera í Ameríku um sölu fasteigna, er ó-
myndugir eiga, geta enga verkun haft hjer á landi. Verður því beiðni sú, er hjer ræðir
um, eigi tekin til greina.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um hrepps-* 74
helgi þurfamanns. — Með brjefi 13. þ. m. tjáðuð þjer mjer, herra amtmaður, á- 21. maf.
lit yðar um áfrýjun bæjarstjórnarinnar í Ísafjardarkaupstað á úrskurði yðar frá 9. nóv.
f. á., er dæmir Jens nokkrum Kolbeinssyni framfærslurjett í nefndum kaupstað.

Nefndur þurfamaður er fæddur í Öguruhreppi, og er 46 ára gamall. Árið 1858
fluttist hann til Ísafjardar-verzlunarstaðar, er þá var einn hluti Eyrarhrepps, og dvaldi
þar síðan í 16 ár, eða til 1874. Bæjarstjórnin á Ísafirði styður nú áfrýjan sína við það,
að Ísafjardarkaupstaður hafi eigi orðið sveitarfjelag út af fyrir sig fyrr en árið 1866. Það
liggi því í augum uppi, að þangað til hafi Jens dvalið í Eyrarhreppi; en «með því þá að
vera kyrr á Ísafirði, hafi hann flutzt úr Eyrarhreppi», og hafi hann því í hvörugri sveit-
inni dvalið svo lengi, að hann hafi getað áunnið sjer sveit þar samkvæmt 1. grein opins
brjefs 6. júlí 1848.

Jeg verð nú að vera bæjarstjórninni samdóma um það, að úr því að Ísafjardar-
kaupstaður ekki var sjerstakt sveitarfjelag fyr en 1866, verða þau 8 ár, er Jens þá var
búinn að dvelja þar, ekki talin dvöl í fátækrafjelagi kaupstaðarins. En hins vegar verð-
ur að gæta þess, að skipting Eyrarhrepps í 2 sveitarfjelög 1866 gat ekki meinað þurfa-
manninum að ávinna sjer framfærslurjett þar, sem hann hafði sezt að, með því að dvelja
þar 2 ár til. Nú hjelt hann áfram dvöl sinni langt fram yfir þennan tíma, og liggur því
í augum uppi, að hann hefir nú áunnið sjer framfærslurjett í Eyrarsveit, eins og hún var
þegar hann fluttist í hana, þannig, að framfærsla hans og hyskis hans á að lenda á Ísa-
fjardarkaupstað og hinni núverandi Eyrarsveit í sameiningu, samkvæmt grundvallarregl-
unum í 1. grein reglugjörðar 26. jan. 1866.